



**SIGLINGASAMBAND ÍSLANDS
REIKNINGAR OG ÁRSSKÝRSLA
37. SIGLINGAÞING
13.FEBRÚAR 2010**

SIGLINGASAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöð Laugardal, 104 Reykjavík
Sími: 514-4210 Fax: 514-4001
E-mail: sil@isisport.is



Efnisyfirlit

Dagskrá siglingaþings

Fulltrúar héraðssambanda

Skýrsla stjórnar

Skýrslur:

Smáþjóðaleikar

Breytingar á lyfjalöggjöf

Alþjóða siglingasambandið

Úrslit móta

Lög SÍL

Ársreikningar 2009

Skýrsla 37. siglingaþings gerð í febrúar 2010

Umbrot Úlfur H. Hróbjartsson

Höfundar efnis

Úlfur H. Hróbjartsson

Hörður E. Finnbogason

Niels Chr. Nielsen

Birgir Ari Hilmarsson

Prentun

Skrifstofa ÍSÍ

Dagskrá 37. siglingaþings

Haldið í íþróttamiðstöðinni Laugardal
13. febrúar 2010

1. Formaður setur þing.
2. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar.
3. Kjörinn þingforseti.
4. Kjörnir 1. og 2. þingritari.
5. Kosning þingnefnda:
 - a. Fjárhagsnefnd 3 manna.
 - b. Laga- og leikreglnanefnd 3 manna.
 - c. Allsherjarnefnd 3 manna.
6. Lögð fram skýrsla stjórnar.
7. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
8. Umræður og samþykkt reikninga.
9. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
10. Lagabreytingatillögur.
11. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði.
12. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið og þingmeirihluti leyfir.
13. Þingnefndir starfa
14. Þingnefndir gera grein fyrir störfum sínum.
15. Tillögur fjárhagsnefndar
16. Kosningar:
 - a. Stjórn og varastjórn, sbr 10. gr.
 - b. 2 skoðunarmenn.
 - c. Fulltrúa á íþróttaping í samræmi við reglur ÍSí samkvæmt iðkenda fjölda síðastliðins starfsárs.
17. Þingslit.

Fulltrúar á 37. siglingaþingi

Fulltrúafjöldi héraðssambanda:

Héraðssamband	Iðkendur	Fulltrúar
Íþróttabandalag Reykjavíkur Brokey, siglingafélag Reykjavíkur Kajakklúbbur Reykjavíkur Róðrarfélagið Stafninn	646	15
Ungmennafélag Kjalarnesþings Siglingafélagið Ýmir	232	7
Íþróttabandalag Akureyrar Siglingafélagið Nökkvi	47	3
Íþróttabandalag Hafnarfjarðar Siglingaklúbburinn Pytur	427	11
Íþróttabandalag Reykjanesbæjar Siglingaklúbburinn Knörr	30	3
Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu Siglingadeild Snæfells	26	3
Héraðssamband Vestfjarða Siglingafélagið Sæfari	157	6
Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands Kajakklúbburinn Kaj	54	4
Alls	1.619	52

Stjórn SÍL Kjörin á 36. siglingaþingi

Formaður:	Úlfur H. Hróbjartsson
Varaformaður:	Trausti Ævarsson
Ritari:	Kristín Pálsdóttir
Gjaldkeri:	Ólafur Njáll Sigurðsson
Meðstjórnandi:	Snorri Valdimarsson
Varastjórn:	Þorsteinn Guðmundsson
Varastjórn:	Niels Chr. Nielsen
Varastjórn:	Rúnar Þór Björnsson
Heiðursformaður:	Ari Bergmann Einarsson



Skýrsla stjórnar.



Pegar lítið er yfir öxl og horft til íslensks samfélags síðastliðið ár má lýsa því í einu orði, samdráttur. Það orð á þó ekki við um Siglingasamband Íslands. Stöðug fjölgun iðkenda og aukinn áhugi á íþróttum sambandsins hefur einkennt árið. Það eru ekki aðeins iðkendur sem fjölga heldur er siglingafélögum að fjölga á landinu. Róðrarfélagið Stafinn fékk

aðild að ÍBR á árinu og þar með að SÍL. Aðildarfélag SÍL eru nú 10 og eru þrjú í ný félög í burðarliðnum. Þar er að nefna endurreisn Sigurfara á Seltjarnarnesi og aðeins vantar herslumuninn á að Drangey á Sauðárkróki og siglingadeild Völsungs á Húsavík bætist í hópinn. Að auki eru nokkur kayakfélög starfandi í landinu án aðildar að íþróttahreyfingunni. Það er náttúrulega von okkar að þau sjái sér hag í að koma til samstarfs svo efla megi samtakamátt okkar til að bæta aðstöðu og tryggja aðgengi að sjó og ám um land allt.

Baráttan um vatnið.

Það kann að hljóma undarlega en við þurfum stöðugt að fylgjast með því að við höldum í rétt okkar til að sigla þar sem við erum vön að vera. Baráttan um Elliðaárnar hefur staðið í mörg ár og í ár bætist Laxá í Aðaldal við. Þar var gert ráð fyrir því í verndaráætlun að banna kayaka og aðra óvélknúna báta á ánni. Það er því ekki sjálfgefið að við höldum þeim aðgangi sem við höfum í dag og ljóst er að við verðum að halda vöku okkar. Það er alltaf hætta á því að við verðum þyrnir í augum einhverra hagsmunaaðila og þeir reyni að bola okkur af leikvelli okkar. Við verðum því allir sem einn að vera á vaktinni og fylgjast með að ekki verði sett á okkur óréttlát lög eða kvaðir.

Námskeið.

Undanfarin ár hefur SÍL lagt megin áherslu á menntun og kennslu og reynt þannig að stuðla að frekari uppbyggingu þeirra íþróttar sem stundaðar eru innan sambandsins. Á árinu voru haldin fjölmörg siglinga og kayak námskeið á vegum aðildarfélaganna. Tvö þessara námskeiða hlutu styrk frá Siglingasambandinu annars vegar kayaknámskeið á vegum Kaj á Neskaupsstað og hins vegar kjölbátanámskeið hjá Þyt í Hafnarfirði. Bæði námskeiðin áttu það sammerkt að hafa fengið til landsins erlenda þjálfara sem komu með aðra sýn og ferskan blæ inn í starfið. Framtak Kaj og Þyts til að auka þekkingu og færni íslenskra siglingamanna er þakkarvert.

SÍL stóð fyrir leiðbeinendanámskeiði fyrir siglingakennara enda er það mikilvægt fyrir útbreiðslu að til séu leiðbeinendur í landinu til þess að kenna þeim sem vilja læra að sigla. Námskeiðið sóttu áhugasamir leiðbeinendur frá Stykkishólmi, Akureyri, Kópavogi og Reykjavík. Nokkuð hvasst var á meðan á námskeiðinu stóð og máttu þátttakendur hafa sig alla við á Fossvoginum. Kennari á námskeiðinu var Óttarr Hrafnkelsson.

Þrátt fyrir námskeið SÍL undanfarin ár er tilfinnanlegur skortur á leiðbeinendum og siglingakennurum í landinu og nauðsynlegt að félögin finni innan sinna raða áhugasama einstaklinga sem reiðubúnir eru til að bæta við sig leiðbeinendamenntun og nýta hana til að miðla siglingaþekkingu sinni. Á þann hátt getum við miðlað áhugamáli okkar og gert fleirum kleift að njóta útivistar og íþróttar á sjó og vötnum.

Auk námskeiða stóð SÍL fyrir tveimur fræðslufundum í vetur í anda Kjölbátasambandsins. Á fyrri fundinum flutti Gísli H Friðgeirsson fyrirlestur um róður sinn umhverfis Ísland og hvernig maður undirbýr slíka átakaferð. Seinni fundurinn var haldinn í ársbyrjun 2010, þar sagði Sigurjón Jónsson skipasmiður í Stykkishólmi frá smíði sinni á nútíma lúxus vikingaskipi.

Smáþjóðaleikar.

Smáþjóðaleikarnir í ár fóru fram á Kýpur í byrjun júní og voru siglingar meðal keppnisgreina. Siglingasambandið sendi 6 siglingamenn til keppni og voru þeir allir frá Akureyri. Keppt var á Laser Standard og Optimist, og fór keppnin fram við höfuðstöðvar Siglingasambands Kýpur í Limasol.

Aðstæður til siglinga voru góðar og bátar í ágætu ástandi. Vindur við Limasol er sólfarsvindur sem kemur uppúr hádegi og alltaf úr sömu átt. Fyrstu dagana lét hann þó ekki sjá sig og logn hamlaði keppni. Á næstu dögum hvessti svo um munaði og vindur var á bilinu 20-30 hnútar og fór svo að lokum að aflýsa varð keppni vegna vinds á síðasta degi en þá blés hann þannig að ankeri keppnisstjórabáts hélt ekki. (sjá nánar í skýrslu Harðar Finnbogasonar.)

Norðlandamót.

Við áttum einn keppenda á Norðurlandamóti Optimist og var þar á ferð ungur Íslendingur Dagur Tómas Ásgeirsson að nafni búsettur í Svíþjóð. Mótið fór fram í Arendal í Noregi dagana 20.-24.júlí, sigldar voru átta umferðir. Dagur sem skráður er í Ými lenti í 52. sæti af 70 keppendum og náði bestum árangri í 23. sæti í sjöttu umferð.

Kayak afrek.

Eins og áður sagði réri Gísli H. Friðgeirsson umhverfis landið á kayak síðastliðið sumar. Er hann fyrstur Íslendinga til að róa hringinn sem ekki er lítið afrek. Samtals réri Gísli 2015 km og fylgdust fjölmiðlar grannt með ferðum hans.

Iceland Midnight Sun Race.

Ein alþjóðleg keppni var haldin á landinu í sumar en þar var lagt upp frá Siglufirði norður fyrir heimskautbaug og Grímsey og snúið aftur til Siglufjarðar. Til keppni skráðu sig tvær erlendar skútur í IRC flokk og tvær íslenskar í Cruising flokk. Keppnin gaf stig til Íslandsbikars til að laða að íslenskar skútur í IRC flokkki. Því miður skráði engin íslensk skúta sig í IRC flokk. Keppnisstjóri var Thomas Jörgensen einn reyndasti keppnisstjóri Danmerkur.

Aðstöðumál.

Árangur náðist á árinu í aðstöðumálum þegar nýtt félagsheimili Ýmis var opnað. Húsið er hið glæsilegasta og öll aðstaða til fyrirmyndar. Því miður virðast aðstöðumál í Reykjavík og á Akureyri standa í stað. Sérstaklega er ástandið slæmt í Reykjavík þar sem þrjú félög eru í raun húsnæðislaus. Bæði Brokey og Kayakklúbburinn hýrast í gámum og Stafninn hefur ekki nokkra aðstöðu til að geyma eða sjósetja báta sína og hefur það staðið félaginu verulega fyrir þrifum. Vonandi er húsnæði Ýmis hvatning fyrir aðrar bæjar- og sveitastjórnir til þess að þær taki sér tak og sjái mikilvægi þess að hlúa að siglingum.

Fjölmiðlamál

Siglingar voru nokkuð áberandi í sjónvarpi allar landsmanna í sumar. Fyrstu myndirnar komu frá Smáþjóðaleikum en góð umfjöllun var einnig um siglingar á Landsmóti UMFÍ á Akureyri. Því næst var umfjöllun um Íslandsmeistaramót á kænnum í Hafnarfirði og loks frá lokamóti kjölbáta. Auðvitað var fylgst reglulega með Gísla í róðri sínum og má því segja að árið hafi verið gott fjölmiðlalega séð. Reynsla sumarsins kenndi okkur þó að til þess að koma myndum í sjónvarp eða blöð þarf að útbúa það að miklu leyti sjálfur og koma því í hendur á réttum aðilum innan fjölmiðla.

Að venju voru haldin fjölmörg mót og keppnir á árinu. Í samanburði við síðasta ár þá var aukin þátttaka í öllum greinum utan kjölbáta. Þær tölur ná að vísu aðeins til fjölda báta en ekki stærðar áhafna og því er erfitt að átta sig á hversu margir tóku þátt á síðasta ári.

Fjölgun þátttakenda á Íslandsmóti kænna var um 46% en var það eitt af eftirminnilegustu mótum sumarsins.

Tölur úr Íslandsmeistararöð sjökæjaks sýna svipaða fjölgun eða 37% meðal karla en þátttaka kvenna í mótinu fjórfaldaðist. Svipaða sögu er að segja úr straumkayaknum þar sem fjöldi þátttakenda ríflega þrefaldaðist. Þessi frábæri árangur er fyrst og fremst siglingafélögum í landinu að þakka og eiga stjórnir félaganna heiður skilinn fyrir góða frammistöðu.

Erlend samskipti.

Á árinu sótti formaður fund Norræna sambandsins og Eurosaf sem haldnir voru á sama tíma í Kaupmannahöfn í apríl. Formaður SÍL fylgdi þar eftir skýrslu sem hann hafði unnið fyrir Eurosaf um möguleika og aðgerðir í fjölmiðlun fyrir siglingar. Enn er verið að vinna í þeim málum.

Alþjóða Siglingasambandið ISAF hélt aðalfund sinn í Busan í Suður Kóreu og fór formaður þangað ásamt Birgi Ara Hilmarssyni sem á sæti í Regional Games Committee á vegum sambandsins. Á fundinum hitti formaður stjórn ISAF til að fylgja eftir umsókn um að aðalfundur sambandsins fari fram á Íslandi. Að auki átti formaður fundi með umsýslarmanni þjálfunarmála hjá ISAF Dan Jaspers. Einnig átti formaður fundi með framleiðendum Topper Topaz og Feva seglbáta.

Íþróttamenn ársins.

Í lok ársins var svo komið að því að velja siglingamenn og ræðarar ársins. Ekki var hægt að líta framhjá Gísla H. Friðgeirssyni og afreki hans, en Heiða Jónsdóttir var ræðari ársins en hún var Íslandsmeistari bæði í sjó- og staumkayak, og Þórarinn Á Stefánsson var valin siglingamaður ársins fyrir hönd áhafnarinnar á Dögun sem sýndi frábæra takta annað árið í röð sem Reykjavíkur og Íslandsmeistarar fyrir utan að vinna Íslandsbikarinn.

Árið framundan.

Fjölmörg verkefni hafa verið í burðaliðnum hjá sambandinu sem ekki fer svo hátt um og fer hér eftir stutt upptalning á þeim.

Unnið hefur verið að lagabreytingum og hafa tillögu sess efnis legið hjá félögum til skoðunar í nokkurn tíma. Verða drögin kynnt hér á þinginu. Egill Kolbeinsson á þakkir skildar fyrir þá miklu vinnu sem hann hefur lagt í að kynna sér lög annarra sérsambanda og koma saman nýjum lögum fyrir SÍL.

SÍL hefur einnig unnið að norrænu skiptiprogrammi sem kynnt var á síðasta þingi. Prógrammið hefur hlotið nafnið Ægir, samstarfsaðilar að prógramminu eru Norrænafélagið á Íslandi auk norrænu siglingasambandanna. Sem stendur er unnið að fjármögnum verkefnisins.

Einnig var unnið í því að fá Alþjóða siglingasambandið til að halda aðalfund sinn á Íslandi á næstu árum, umsókn þess efnis liggur fyrir og verður áfram unnið í því að halda slíkt þing hér á landi.

Unnið er að aðildarumsókn að Alþjóða Kayaksambandinu og vonandi klárast það á næstu mánuðum.

SÍL fékk aðild að EBA eða European Boating á árinu en það eru hagsmunasamtök bátseiganda í Evrópu. Samtökin fylgjast gjörlla með Evrópu-samþykktum og lögum í einsstaka löndum er varða skemmtibáta.

Meira og meira hefur verið spurð fyrir um róður hjá sambandinu og virðist sem rétt herslumuninn vanti á að róður komi aftur af afli inn í íslenska íþróttalíróu.

Nú á vormánuðum er von á Mike Hart frá RYA en hann kemur sem fulltrúi alþjóðasiglingasambandsins ISAF til að hjálpa okkur að byggja upp sjálfbært þjálfunar og leiðbeinendakerfi. Í framhaldi af heimsókn Mikes verður haldið námskeið á vegum ISAF og SÍL þar sem unnið verður með leiðbeinendum og þjálfurum til að byggja upp þjálfarakennslu hér á landi. Námskeið þetta nefnist Train the trainers og má finna upplýsingar um það á vef alþjóðasiglingasambandsins; sailing.org

Smáþjóðaleikarnir 2009 Kýpur

Í byrjun júní 2009 hélt af stað hópur íslenskra siglara á Smáþjóðaleikanna 2009.

Þetta voru þeir Arnar Birkisson, Björn Heiðar Rúnarsson, Gauti Elfar Arnarsson. Þeir sigldu á Laser. Á Optimist voru þeir Gunnar Úlfarsson, Oddur Viðar Malmquist, Sigurður Sean Sigurðsson. Allir siglararnir komu frá Nökkva. Með í för voru þjálfarinn Hörður Finnbogason og formaður SÍL Úlfur Hróbjartsson.

Undanfarin ár hefur verið lögð allmikil vinna í að efla íslenskar afreks-siglingar. Eftir hefur verið til æfingabúða bæði hérlendis og erlendis með ágætum árangri. Því má segja að mót eins og Smáþjóðaleikarnir séu prófsteinn á það starf. Undanfarna Smáþjóðaleika hafa íslendingarnir átt töluvert langt í land með að vera samkeppnishæfir á jafn sterku móti og Smáþjóðaleikarnir eru. Að undanskildum árangri Hafsteins Ægis Geirssonar. Þó hafa aðrir siglarar staðið sig með þryði en langt frá verðlaunasætum. Þetta árið voru aðstæður mun betri en fyrir tveimur árum þegar siglt var í logni í Mónakó. Það var finasti vindur og á tímum full sterkur fyrir Optimist siglarana.

Í heildina stóðu íslensku siglararnir sig vel og ljóst var frá fyrsta degi að mikil framför hafði átt sér stað meðal íslensku siglaranna frá síðustu leikum. Á tímamarkum voru margir þeirra að sigla fyrir miðju og jafnvel fyrir framan miðju. Þegar liða tók á mótið urðu aðstæður framandi siglurunum með háum og kröppum öldum. Þessar aðstæður eru mjög frábrugðnar því sem siglararnir eiga að venjast við þær aðstæður sem þeir æfa við á Akureyri. Í einni keppninni lenti Oddur Viðar í því að tagna illa á ökla í átökunum við öldurnar. Sterkleiki þessa móts var heldur meiri en við áttum von á sérstaklega í Laser flokki. Þar voru saman komnir úrvals siglarar og var sá sem vann mótið í 13. sæti á Ol 2008 og fjórði á Evrópumótinu 2009.

Að móti loknu var ljóst að íslensku siglararnir höfðu bætt fyrri heildar árangur liðsins umtalsvert. Laser strákarnir lentu í 13., 14., 16. sæti af 18. Bestum árangri í stakri keppni náði Arnar Birkisson 12. sæti.

Á Optimist enduðu strákarnir í 14, 16, 17. sæti af 17. Bestum árangri í stakri keppni náði Sigurður Sean Sigurðsson 12. sæti.

Það er ljóst að ekki er um nein stórvægileg afrek að ræða á þessu móti en miðað við árangurinn í Mónakó er hér um talsverða bætingu að ræða og óhætt að segja að framtíðin sé björt.

Það kom bersýnilega í ljós í þessari keppni og öðrum keppnum sem farið hefur verið á, að íslensku siglurunum vantar fyrst og fremst keppnis-reynslu á erlendri grund.

Hörður Elís Finnbogason.

Frá lyfjanefnd SÍL:

Lyfjaeftirlit ÍSÍ fer með framkvæmd lyfjaprófunar íþróttamanna á Íslandi. Ný lög ÍSÍ um lyfjamál voru samþykkt á íþróttabingi 18. apríl 2009. Enn sem komið er hafa engin lyfjapróf verið framkvæmd á siglingamönnum, en lyfjapróf má framkvæma á hverjum þeim einstaklingi sem er meðlimur í félagi eða tekur þátt í keppni eða æfingum á vegum íþróttasamtaka sem aðeild eiga að ÍSÍ. Afreksíþróttamenn þurfa að tilkynna um æfingastaði og tíma, en þeir sem minna mega sín þurfa aðeins að mæta við boðun.

Nýr bannlisti WADA

Nú um áramót tók gildi nýr bannlisti WADA fyrir árið 2010. Meðal helstu breytinga má nefna að súrefnisgjöf er ekki lengur bönnuð. Þremur örvandi efnum (benfluorex, prenylamine og methylhexaneamine) hefur verið bætt við flokk efna sem ekki eru sérstaklega tilgreind. Leiðir það af sér að ekki er hægt að milda refsingu vegna notkunar efnanna eins og áður var. Búið er að banna pseudoephedrine sé styrkur þess yfir 150µg/mL. Efnid hefur verið á eftirlitslista frá árinu 2004 en færast nú á bannlista. Búið er að taka af vafa um að öll synthetisk kannabisefni eru bönnuð.

Mestu breytingarnar urðu þó vegna sykurstera sem notaðir eru ókerfistengt. Fyrir þá sem nota slík efni ókerfistengt (sprautað í lið, við lið, sinasliður, utanbasts, í mænu, undir húð og við innöndun) og/eða berkjuvíkkandi astmalyf sem innihalda salbutamol eða salmeteról er nóg að hafa meðferðis „Yfirlýsingu um notkun“. Sem dæmi um lyf sem innihalda efnin má nefna Ventolin, Serevent og Seretide. Hámarks notkun á salbutamol á sólarhring eru 1600µg.

Íþróttamenn sem nota innöndunar astmalyf sem innihalda formóteról eða terbútalín (t.a.m. Symbicort, Oxis og Bricanyl) þurfa að sækja um undanþágu fyrir notkuninni. Það fer hins vegar eftir því hvort keppnin fer fram hér á landi eða erlendis og mótshaldara hvort sækja þarf um undanþáguna fyrirfram eða afturvirk. Gangið úr skugga um það í tíma hjá ykkar sársambandi/mótshaldara. Mikilvægt er að greining astmans sé vel unnin í upphafi og mælingar séu til sem staðfesta hana.

Á heimasíðu lyfjaeftirlits ÍSÍ www.lyfjaeftirlit.is má nálgast bannlista WADA fyrir árið 2010. Jafnframt má sjá útskýringar á helstu breytingum sem gerðar voru á listanum frá árinu 2009. Umsóknareyðublað fyrir undanþágu og tilkynningu um notkun má nálgast á síðunni.

Á fundi með lyfjanefnd ÍSÍ kom m.a. fram fyrirspurn hvort ekki ætti að banna tóbaksnotkun (nikótín) eins og önnur skaðleg efni. Umræður spunnust m.a. um hversu mikil notkun munntóbaks væri orðin, bæði á æfingum og jafnvel í keppni.

Niels Chr. Nielsen

Fundur í Svæðaleikanefnd ISAF

Undirritaður sat sinn fyrsta fund í svæðaleikanefnd Alþjóða Siglingasambandsins í nóvember s.l. Fyrir fundinn var nefndin búin að vera í sambandi með tölvupóstum varðandi ýmis málefni sem tengjast nefndinni. Ég setti inn í umræðuna upplýsingar sem ég hafði tekið saman um þann búnað sem notaður er á svæðaleikum um allan heim miðað við þann búnað sem notaður er á Ólympíuleikum. Þar mátti sjá að mikill munur er á þeim klössum sem notaðir eru út um allan heim og Ólympíu-klössunum. Það er þó einn klassi sem sker sig úr og það er Laser sem er notaður á flestum leikum.

Það varð úr að þetta var eitt að aðalmálum á fundi nefndarinnar og var þessi könnun sem ég hafði sett inn notuð sem viðmið í umræðuna. Skiptust menn á skoðunum um hvort Ólympíuleikar ættu að endurspegla íþróttina eins og hún er stunduð um allan heim eða hvort ætti að koma þeim bátum sem notaðir eru á Ólympíuleikum inn á svæðaleika. Nú í framhaldinu er hafin vinna við að taka saman betri upplýsingar um þessi mál og verður umræðunni örugglega haldið áfram, þetta er þó mjög viðkvæmt mál á alþjóðavettvangi, ekki síst vegna hagsmuna bátsframleiðenda.

Lagðar voru fram skýrslur frá svæðaleikum sem fóru fram á árinu ásamt því sem farið var yfir þá leika sem eru á dagskrá næsta árs og skipaðir tæknifulltrúar. Rætt var um hlutverk nefndarinnar og nefndarmanna gagnvart svæðaleikum.

Ég er í heildina sáttur við fundinn og það að hafa kveikt á viðkvæmu máli sem verður að halda vakandi umræðu um.

Birgir Ari Hilmarsson

Ný lög Siglingasambands Íslands DRÖG

- 1 Skipulag.
 - 1.1 Sambandið heitir Siglingasamband Íslands skammstafað SÍL. Það er æðsti aðili innan Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) um alla þætti siglinga og málefnum þeim tengdum.
 - 1.2 Heimili og varnarþing Siglingasambandsins er í Reykjavík.
 - 1.3 Öll félög innan ÍSí sem leggja stund á siglingar, þe siglinga félög, róðrarfélög og kayakfélög eru aðilar að SÍL, með aðild að hlutaðeigandi héraðssambandi eða íþróttabandalagi.
 - 1.4 Skilgreining: Orðið sigling nær yfir allt sem við kemur íþróttum eða skemmtun sem stundaðar eru á vötnum, ám eða sjó.
 - 1.3 SÍL skal skipt niður deildir, afreksdeild og almenningsdeild.
 - 1.4 Undir afreksdeild falla allar keppnir í siglingum og regluverk þar að lútandi.
 - 1.5 Undir almenningsdeild fellur allt annað sem viðkemur siglingum. Öll félög innan SÍL eiga að skipa fulltrúa í deildirnar ef eitthvað í þeirra starfsemi fellur undir þær. Einn fulltrúa í hvora deild.
 - 1.6 Auk hefðbundinnar keppni, æfinga og þjálfunar til líkamlegrar heilsuræktar, samanber lög ÍSí, er það í verkahring SÍL að sinna hagsmunamálum sem tengjast siglingum svo sem á sviði fræðslu-, réttinda-, öryggis-, samgöngu-, ferða og umhverfismála. Önnur markmið eru:
 - Að hafa yfirstjórn og vinna að eflingu siglinga m.a. með fræðslu, útbreiðslu- og kynningarstarfsemi.
 - Að vera málsvari siglingamanna jafnt innanlands sem erlendis.
 - Að koma fram fyrir hönd siglinga gagnvart opinberum aðilum.
 - Að þýða alþjóðlegar kappsiglingareglur og gefa út.
 - Að setja nauðsynlegar reglur, löggilda dómara og keppnisstjóra, ráðstafa landsmótum og staðfesta met.
- 2 Stjórnun.
 - 2.1 Siglingasambandi Íslands er stjórnað af
 - a) Siglingaþingi.
 - b) Stjórn SÍL
 - c) Deildum SÍL
 - 2.2 Reikningsár SÍL er almanaksárið.
- 3 Siglingaþing.
 - 3.1 Siglingaþing fer með æðsta vald í málefnum SÍL.
 - 3.2 Siglingaþing sitja fulltrúar frá þeim aðilum sem mynda SÍL.
 - 3.3 Þrjú fulltrúar koma frá hverjum klúbb eða félagi innan hvers Héraðssambands eða Íþróttabandalags.
 - 3.4 Þegar fulltrúar eru kosnir í aðalstjórn, skulu þau félög hverra fulltrúar voru kosnir í aðalstjórn senda nýja fulltrúa til setu í deildum.
 - 3.5 Þingið skal haldið í febrúar annað hvert ár. Skal þingið auglýst eða tilkynnt með 5 vikna fyrirvara. Ítrekað síðar. Stjórn SÍL ákveður fundarstað.
 - 3.6 Tillögur um lagabreytingar og málefni sem sambandsaðilar óska eftir að tekin verði fyrir á þinginu, skal tilkynna stjórn SÍL, bréfluga minnst 3 vikum fyrir þingið.
 - 3.7 Eigi síðar en 2 vikum fyrir siglingaþing skal senda héraðsamböndum/ íþróttabandalögum skrifleg fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þingið.

- 3.8 Siglingaþing er lögmætt ef löglega hefur verið til þess boðað.
- 3.9 Á siglingaþingi hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt, en rétt til setu á siglingaþingi með málfrelsi og tillögurétt hafa:
- stjórn SÍL
 - heiðursformaður og heiðursfélagar
 - framkvæmdastjórn ÍSÍ
 - fastráðnir starfsmenn SÍL og ÍSÍ
 - allir nefndarmenn SÍL
 - auk þess getur stjórnin boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til.
- 3.10 Aðeins sá sem er í félagi, sem iðkar siglingar og er innan sérráðs eða héraðssambands/ íþróttabandalags er kjörgengur fulltrúi þess á siglingaþingið.
- 3.11 Allir fulltrúar skulu vera tilgreindir á kjörbréfi frá viðkomandi sambandsaðila og skal kjörbréfum skilað inn til stjórnarinnar eigi síðar en 1 viku fyrir siglingaþing.
- 3.12 Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála nema annað segi í lögum þessum um tiltekin mál eða málaflökka. Enginn fulltrúi getur farið með fleiri en 3 atkvæði og þá eingöngu fyrir þann aðila sérráðs eða sambands/ bandalags sem hann er fulltrúi fyrir á þinginu.
4. Dagskrá siglingaþings
- 4.1.
- Formaður setur þing.
 - Kosning 3 manna kjörbréfanefndar
 - Kjörinn þingforseti.
 - Kjörnir 1. og 2. þingritari.
 - Kosning þingnefnda.
 - Fjárhagsnefnd 3 manna.
 - Laga og leikreglanefnd 3 manna.
 - Alsherjarnefnd 3 manna.
 - Lögð fram skýrsla stjórnar
 - Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
 - Umræður um skýrslu stjórnar.
 - Umræður um og samþykkt reikninga.
 - Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næstu fjárhagsár.
 - Lagabreytingatillögur.
 - Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði.
 - Önnur mál: Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið og þingmeirihluti er fyrir.
 - Þingnefndir starfa.
 - Þingnefndir gera grein fyrir störfum sínum.
 - Tillögur fjárhagsnefndar.
 - Kosningar.
 - Stjórn og varastjórn sbr 10 gr.
 - 2 skoðunarmenn reikninga
 - Fulltrúa á íþróttþing í samræmi við reglur ÍSÍ samkvæmt iðkendafjölda síðastliðins starfsárs.
 - Þingslit.
 - Allar kosningar gilda fram að kosningu á næsta siglingaþingi. Þær skulu vera skriflegar nema aðeins sé stungið up á jafnmörgum og kjósa skal.
- 4.2 Þingið getur með 2/3 atkvæða viðstaddra fulltrúa heimilað að tekið sé fyrir mál sem fram kemur eftir að dagskrá þingsins hefur verið send sambandsaðilum SÍL.
- 4.3 Árskýrsla SÍL, sem stjórnin skal leggja fjölfaldaða fyrir þingið, svo og ágrip af fundargerðum þingsins, skal senda framkvæmda-

stjórn ÍSÍ og sambandsaðilum SÍL, innan tveggja mánaða frá þingslitum.

- 5 Aukaþing
- 5.1 Aukaþing skal kalla saman með a.m.k. 3 vikna fyrirvara.
 - eftir ákvörðun siglingaþings.
 - Þegar a.m.k. ½ sambandsaðila óskar þess.
- 5.2 Tillögur um málefni sem óskast tekin fyrir á aukaþingi skulu hafa borist stjórn SÍL minnst 14 dögum fyrir þingsetningu.
- 5.3 Eigi síðar en 6 dögum fyrir aukaþing skal senda aðilum dagskrá þingsins.
- 5.4 Á aukaþingi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti stjórnarhefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin að eigin dómi orðið óstarfhæf.
- 5.5 Að öðru leiti gilda sömu reglur og um reglulegt siglingaþing.
- 6 Stjórn SÍL
- 6.1 Í stjórn SÍL eiga sæti.
 - 5 menn.

Kosning fari þannig fram

 - Formaður.
 - meðstjórnendur
 - varamenn.

Sjálfkrafa í stjórn setjast formenn deilda sem fulltrúar þeirra í stjórn.

Fái fleiri en þeir sem kjósa á jafnmörg atkvæði, skal kjósa um þá á ný bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir ræður hlutkesti.

 - Stjórn kys varaformann, ritara og gjaldkera úr sínum hópi.
 - Varamenn taki sæti í stjórn í þeirri röð sem atkvæðamagn segir til um. Verði varamenn sjálfkjörnir taka þeir sæti í stjórninni í þeirri röð sem þeir voru tilnefndir.
 - Ef formaður fellur frá eða hættir á kjörtímabilinu tekur varaformaður sæti hans.
- 6.2 Stjórnin heldur fundi eigi sjaldnar en annan hvern mánuð. Formaður SÍL boðar stjórnarfundi og stýrir þeim.
- 6.3 Stjórninni er heimilt að ráða launað starfsfólk.
- 6.4 Aðsetur stjórnarinnar er í Reykjavík.
- 7 Starf stjórnar
- 7.1 Starf stjórnar SÍL er að;
 - Að framkvæma ályktanir siglingaþings
 - Að annast rekstur sambandsins.
 - Að vinna að eflingu siglinga.
 - Að senda framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur og tilkynningar.
 - Að líta eftir því að lög og leikreglur SÍL séu haldnar.
 - Að setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.
 - Að úthluta þeim styrkjum sem SÍL fær til umráða.
 - Að koma fram erlendis fyrir hönd SÍL.
 - Að sjá útgáfumál SÍL.
- 8 Stjórnarskipan deilda.
- 8.1 Fulltrúar félaga sem eiga fulltrúa í deildum SÍL myndastjórn deildarinnar ásamt formanni sem þeir kjósa sér úr sínum hóp. Skal sá sem flest atkvæði fær verða formaður, stjórnin skal síðan velja sér ritara og gjaldkera.

- 8.2 Formaður deildar telst sjálfkrafa kosinn í stjórn SÍL.
- 8.3 Störf deilda sambandsins
- 8.3.1 Íþróttadeild sambandsins sér um.
- Allar keppnir í siglingum og regluverk þar að lútandi.
 - Niðurröðun allra móta og samræmingu milli félaga og sambanda í mótahaldi og í samvinnu við þau.
 - Setur reglugerðir um þjálfara og leiðbeinendur í siglingum og sér um útgáfu skirteina þar að lútandi. Heldur þjálfara-námskeið og leiðbeinendanámskeið. Heldur eða stuðlar að endurmenntunar- og framhaldsnámskeiðum fyrir þjálfara og leiðbeinendur. Gengur frá og semur efni um þetta fyrir aðalstjórn að gefa út.
 - Heldur keppnisstjóranámskeið og dómarnámskeið. Semur íslenskar eða þýðir erlendar reglugerðir um siglingakeppnir. Gefur út keppnisstjóraskirteini og dómarskirteini í samræmi við alþjóðalög í hverri grein fyrir sig. Gengur frá og semur efni um þetta fyrir aðalstjórn að gefa út.
- 8.3.2 Almenningsdeild sér um:
- Fræðslumál. Réttindamál skemmtibátaeigenda.
 - Öryggismál.
 - Aðstoðumál.
 - Ferðamál.
 - Umhverfismál.

9

